

Hvatningarverðlaun mannréttinda- og lýðræðisráðs afhent 16. maí 2019

**Réttindaráð Hagaskóla**

Réttindaráð Hagaskóla og aðrir nemendur sýndu eftirtektarvert fordæmi með undirskriftasöfnun og kröfugöngu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að samnemandi þeirra, Zainab Safari, yrði send úr landi. Með aðgerðum sínum vöktu þau mikla athygli á stöðu barna á flótta og mikilvægi þess að virða mannréttindi flóttafólks.

Nemendur sýndu samstöðu, hugrekki og gagnrýna hugsun og með því vörpuðu þau ljósi á hversu mikil áhrif einstaklingar geta haft á samfélagið sitt án þess að vera sjálfir í valdastöðu.

Í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að taka skuli mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu starfi með börnum.